

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Suðurhafnar, Hvaleyrarbraut nr. 30.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 19. júní 2007 breytingu á deiliskipulagi Suðurhafnar, Hvaleyrarbraut nr. 30 í Hafnarfirði. Deiliskipulagsbreytingin felst í því að nýtingarhlutfall á lóð nr. 30 við Hvaleyrarbraut hækkar úr 0.4 í 0.6 og leyfileg hámarkshæð byggingar verður 12,8 m, miðað við aðkomuhæð frá Lónsbraut, í stað 10 m áður. Farið var með deiliskipulagsbreytinguna skv. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi Valla 5. áfanga, Drekafellir nr. 38.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 30. maí 2007 breytingu á deiliskipulagi Valla 5. áfanga, Drekafellir nr. 38 í Hafnarfirði. Deiliskipulagsbreytingin felst í að þak hússins verður flatt og tvær innbyggðar bílageymslur verða í húsinu. Bílastæði á lóðinni eru færð til þannig að þrjú bílastæði verða við lóðarmörk hvor megin á lóðinni og tvö bílastæði framan við innbyggðu bílageymslurnar. Í húsinu verða samtals fjórar íbúðir, tvær íbúðir ásamt tveimur innbyggðum bílageymslum á fyrstu hæð og tvær íbúðir á annari hæð. Farið var með deiliskipulagsbreytinguna skv. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F. h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 18. júlí 2007,

Málfríður Kristjánsdóttir arkitekt.

B-deild – Útgáfud.: 1. ágúst 2007